

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr 154 1963, um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sbr. stjórnarráðsbréf nr. 189/1967, augl. nr. 71/1968, augl. nr. 143/1971, augl. nr. 74/1972 og stjórnarráðsbréf nr. 234/1973, um breytingar á þeirri skiptingu.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 2. gr. 1. tölul. laga nr. 35 1970, um skipan prestakalla o. fl., og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með augl. nr. 154/1963 og breytingum skv. stjórnarráðsbréfi nr. 189/1967, augl. nr. 71/1968, augl. nr. 193/1971, augl. nr. 74/1972 og stjórnarráðsbréfi nr. 234/1973:

Á eftir 20. tölulið (Breiðholtsprestakall) komi nýr töluliður, er orðist svo:

21. Fellaprestakall:

Fellasókn nær yfir Fellahverfi og Vesturberg í Breiðholtshverfi, sem takmarkast af norðurenda Vesturbergs og eftir Austurbergi, að húsinu nr. 20 (meðtalið) við Austurberg, að meðtöldu Keilufelli. Síðan af línu, sem dregin væri við Suðurfell, Breiðholtsbraut og Höfðabakka að Vesturhólum.

Hólahverfi, þar sem ráðgerð er ný sókn, sem myndist af öllum götum, sem nefndar eru -hólar í nafni sínu, að meðtöldum Hólabrekkuskóla og byggðinni austan Austurbergs að Keilufelli og Austurbergi 20, skal njóta prestsþjónustu frá Fellaprestakalli, þar til annað verður ákveðið.

Innheimta sóknargjalda 1975 skal miðuð við ofangreinda breytingu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. febrúar 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller

AUGLÝSING

um skiptingu Keflavíkurprestakalls og stofnun sérstaks prestakalls í Njarðvíkum.

Að fengnum tillögum biskups og samkvæmt ósk viðkomandi sóknarnefnda, er hér með ákveðið, í samræmi við tilætlan laga um skipan prestakalla o. s. frv., nr. 35 9. maí 1970, 3. gr. 2. másl. sbr. 1. másl., sbr. einnig 2. gr. 1. tölul. og 11. gr., að Keflavíkurprestakalli skuli skipt, þannig að Ytri-Njarðvíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir myndi sérstakt prestakall: Njarðvíkurprestakall, með prestsetri í Njarðvíkum. Keflavíkurprestur gegnir þjónustu í Njarðvíkursóknum þar til hið nýja prestakall tekur til starfa um áramótin 1975—76.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. febrúar 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.